

**Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri,
þann 18. apríl 2023 og hófst hann kl. 17:00**

Mættir: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Jón Baldvin Hannesson, ritari, Sigríður Stefánsdóttir, Kristjana Valgeirsdóttir, Karen Malmquist, ~~Þóra Þorvaldsdóttir~~. Starfsmenn: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

1. Námskeið í Danmörku í júní

Á námskeiðinu er til umfjöllunar „Samfélagsleg geðheilbrigðisþjónusta“ og hefur Ingibjörg áhuga á að Róbert sækir framangreint námskeið. Kostnaður gæti orðið um kr. 300.000.- Stjórnin samþykkir málið fyrir sitt leyti en bíður með að ákveða af hvaða lið/liðum kostnaðurinn verður greiddur.

2. Endurskoðun fjárhagsáætlun 2023

Ingibjörg gerði fundarmönnum grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á fjárhagaáætlun deildarinnar. Samþykkt var að bíða með breytingar á henni því von er á þriggja mánaða uppgjöri sem kynnt verður á næsta fundi

3. Tilnefning fulltrúa stjórnar í stjórn Velferðarsjóðs Eyjafjarðarsvæðis

Ákveðið að tilnefna Kristínu Björku Gunnarsdóttur til eins árs og Sigríði Stefánsdóttur sem varamann.

4. Viðjúlundur 1 / Drög að tillögu að breytingu á deiliskipulagi

Eftirfarandi kemur fram á heimasíðu Akureyrarbæjar, „Bæjarstjórn Akureyrarbæjar kynnir hér með skv. 4.mgr. 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu á vinnslustigi að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Viðjulund 1 og 2.“ Deildarstjóra falið að koma eftirfarandi athugasemd til Akureyrarbæjar: „Stjórn Rauða krossins á Eyjafarðarsvæðinu gerir ekki athugasemdir við tillögu á vinnslustigi að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Viðjulund 1 og 2. Stjórnin veur þó athygli á að fyrirhuguð skipulagstillaga kallar á breytingu á aðkomu bifreiða að Viðjulundi 2, húsnæði Rauða krossins, og telur eðlilegt að kostnaður sem því fylgir falli ekki á félagið.

5. Þarfagreining á Eyjafjarðarsvæðinu og stefnumörkun

Umræðum um þessi mál var frestað og verður haldið áfram á næsta stjórnarfundi frá því sem frá var horfið á stjórnarfundi 8. nóv. 2022.

6. Starfmannamál

Deildarstjóri gerir grein fyrir stöðu starfsmannamála með hliðsjón af samningum sem unnið er að milli Rauða krossins og ríkisins. Deildarstjóra heimilað að framlengja ráðningu starfsmanns í hálf tóðugildi ótímabundið.

7. Áætlun um fundardaga stjórnar

Formaður lagði fram áætlun um dagsetningu stjórnarfundar til apríl 2024.

Tilaga að fundardögum

4. ~~JBH~~ ~~PRB~~
KVV.
JSD.
KPD

2023	
Mánuður	Fundardagur
apríl	18
maí	23
júní	
júlí	
ágúst	
september	12
október	17
nóvember	14
desember	5?
2024	
Mánuður	Fundardagur
janúar	16
febrúar	13
mars	12
apríl	16

8. Önnur mál

A. Deildarstjóri greindi frá ýmsu varðandi verkefnið Frú Ragnheiði.

Fundi slitið kl. 18:50

Jón B. Hammey
 Pontus Björn
 Sigrún Pétursdóttir
 Karla Malmgren
 Kristjana V. Valgeirsdóttir